

Svar

mennta- og barnamálaráðherra við fyrirspurn frá Katrínu Sigríði J. Steingrímsdóttur um vistun barna í lokuðu búsetuúrræði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

- Hver er skoðun ráðherra á því að lögfest verði heimild til að vista börn í lokuðu búsetuúrræði, líkt og kveðið er á um í fyrirhuguðu frumvarpi til laga um lokað búsetuúrræði sem kynnt hefur verið í samráðsgátt stjórnvalda?*
- Hefur ráðherra kynnt sér áhrifin sem það kann að hafa á börn að sæta frelsisskerðingu?*
- Í hvaða tilvikum telur ráðherra vistun barns í lokuðu búsetuúrræði geta samræmst skilyrði frumvarpsins, barnalaga og samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins um að það sem er barni fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang?*
- Hver er skoðun ráðherra á því að í frumvarpinu sé lagt til að óheimilt verði að vista fylgdarlaus börn í lokuðu búsetuúrræði en ríkisstjórnin hyggist þó láta önnur börn sæta þeirri meðferð?*

Á undanförnum árum hefur farið fram umræða um lokað búsetuúrræði fyrir útlendinga hér á landi og um mögulegar lagabreytingar í því efni. Sambærileg umræða hefur farið fram í ýmsum nágrannaríkjum okkar. Meðal annars vegna þess er til mikið af upplýsingum um réttindi barna í lokuðum úrræðum fyrir útlendinga, þar á meðal efni sem hefur verið unnið á vettvangi Evrópuráðsins, UNHCR og UNICEF auk þess sem Mannréttindadómstóll Evrópu hefur tekið mál barna í lokuðum úrræðum til umfjöllunar, bæði barna sem eru í fylgd með fjölskyldu og fylgdarlausra barna. Góð þekking á þessum málum er í mennta- og barnamálaráðuneytinu.

Í janúar á þessu ári kynnti dómsmálaráðherra drög að frumvarpi til laga um lokað búsetuúrræði í samráðsgátt stjórnvalda, sbr. mál nr. S-10/2024. Markmið með kynningu mála í samráðsgátt er að auka gagnsæi og möguleika almennings og hagsmunaaðila á þátttöku í stefnumótun, reglusetningu og ákvarðanatöku opinberra aðila og voru margir aðilar sem létu sig málið varða og sendu umsögn í gegnum samráðsgáttina. Þann 20. febrúar sl. kynnti ríkisstjórnin heildarsýn í útlendingamálum ásamt aðgerðum í málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd, flóttafólks og innflytjenda. Meðal þessara aðgerða er að koma á fót búsetuúrræði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd þar sem umsækjendur fá stuðning og upplýsingar sem miða að því að tryggja öryggi þeirra á öllum stigum málsmeðferðarinnar.

Þar sem frumvarpið er í vinnslu er ekki tímabært að hafa skoðun á einstaka útfærslum í áðurnefndum frumvarpsdrögum en í áframhaldandi vinnu munu fulltrúar mennta- og barnamálaráðuneytis halda sjónarmiðum barna á lofti og ganga á eftir því að réttindi barna séu tryggð í hvívetna.